



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	3. fundur stjórnar KLÍ 2017-2018
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	14. september 2017 kl 18:00
Þátttakendur:	Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Formaður Hafþór Harðarson (HH) Meðstjórnandi Bjarni Páll Jakobsson (BP) Varaformaður Valgeir Guðbjartsson (VG) Varamaður
Boðuð forföll:	Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) Gjaldkeri Stefán Claessen (SC) Varamaður
Fjarverandi:	Björgvin Helgi Valdimarsson (BHV) Meðstjórnandi Bragi Már Bragason (BMB) Varamaður
Fundarritari:	HH

Dagskrá fundar

1. Síðasta fundargerð
2. Staða fjármála
3. Landslið karla og sæti á HM
4. Fyrirlestur fyrir afrekshópa
5. Skipan nefnda
6. Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt með áörnum breytingum

Staða fjármála

Fjármál í góðu standi miðað við áætlun en ekki búið að færa bókhald seinni hluta árs.

Landslið karla og sæti á HM

Karllandsliði Íslands var boðið sæti á komandi HM í Las Vegas þar sem losnuðu sæti og svarar ÁHE í kvöld.

Theódóra hefur sótt um auka styrkt til ÍSÍ vegna þessa og er stjórn á því að liðið verði sent ef fjárhagur leyfir.

Fyrirlestur fyrir afrekshópa

ÁHE talar um að hafa farið á fyrirlestur um hugarþjálfun og annað sem gagnast fólki í íþróttum meðal annars. Bjartur Guðmundsson heitir fyrirlesarinn og fékk Theódóra það verkefni að kanna hvort það væri hægt að bóka þannig fyrirlestur fyrir afrekshópana.

Skipan nefnda

Vantar í nefndir, tækninefnd sú eina sem er fullmönnuð. Ekkert hefur heyrst frá KFR eða KR með tilnefningar.

Önnur mál

Rætt var um að fara yfir gjaldskrá KLÍ áður en hún verður birt, HH kemur með hugmynd að hækka skráningagjald á hvern leikmann og nota þann pening til að búa til Mótstjóra/Dómara sjóð til að geta boðið fólki eitthvað til að taka þetta að sér.

Fundi slitið 18:55